

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. september 2000.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992 - 2016, leikskólalóð við Dalsmára.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992 - 2016 frá 29. apríl 1994.

Breytingin felur í sér að opið svæði til sérstakra nota verði opið svæði til sérstakra nota og stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. september 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps frá 16. nóvember 1994.

Breytingin varðar eftirfarandi:

- Iðnaðarsvæði syðst og austast í byggðinni er breytt í opið óbyggt svæði.
- Hringtorg verður á gatnamótum Hafnargötu og Stapavegar.
- Felldar eru brott íbúðalóðir við Hvammsgötu næst ströndinni.
- Svæði fyrir verslanir og þjónustu milli Stapavegar og Heiðagerðis er breytt í íbúðarsvæði.
- Felld er niður vegartenging frá Hafnargötu norður með ströndinni. Iðnaðarsvæði með ströndinni til norðurs er breytt í opið óbyggt svæði og íbúðarsvæði norðan Minni-Voga verður tengt frá Egilsgötu.
- Breytt er umfangi og gatnatengingum framtíðaríbúðarsvæðis norðan íþróttasvæðis.
- Felld er niður tenging Iðndals við Vogabraut.
- Göngustígar eru settir inn á aðalskipulagsupprátt.